

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 2434/92****frá 27. júlí 1992****um breytingu á II. hluta reglugerðar (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49. gr. hans,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,í samvinnu við Evrópuþingið <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins telst til grundvallarréttinda sem komið var á með sáttmálanum.

Til að koma frelsi til flutninga í framkvæmd er nauðsynlegt að efla fyrirkomulagið sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 1612/68 <sup>(4)</sup> um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna.

Meginreglan um að ekki megi mismuna launþegum innan bandalagsins felur í sér, að lögum og í raun, að allir ríkisborgarar aðildarríkjanna njóti sömu réttinda á vinnumarkaðinum og ríkisborgarar í hverju aðildarríki. Þessi jafnræðisregla ætti að gilda samkvæmt fyrirkomulaginu um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna.

Mikilvægt er að vinnumarkaður bandalagsins sé eins gagnsær og mögulegt er, einkum þegar gengið er frá ráðningum og atvinnuumsóknum sem heyra undir ráðningarkerfi bandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 254, 28. 9. 1991, bls. 9 og Stjtið. EB nr. C 107, 28. 4. 1992, bls. 10.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 94, 13. 4. 1992, bls. 202 og ákvörðun frá 8. júlí 1992 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 40, 17. 2. 1992, bls. 1.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2. Síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 312/76 (Stjtið. EB nr. L 39, 14. 2. 1976, bls. 2).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (EBE) nr. 1612/68 er breytt sem hér segir:

1. Varðar ekki íslenska textann.

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 14. gr.:

— í 1. mgr. falli orðin „á tilteknum svæðum og í tilteknum greinum“ niður,

— í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar, ákvarða með hvaða hætti upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skuli settar fram.“

— í fyrsta málslið 3. mgr. komi orðin „að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar“ í stað orðanna „í samráði við umsjónarnefndina“,

— varðar ekki íslenska textann.

3. Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

*„15. gr.*

1. Þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis skal senda reglulega til þjónustuskrifstofa hinna aðildarríkjanna og til evrópsku samráðsskrifstofunnar:

a) upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar hinna aðildarríkjanna geta hugsanlega gegnt;

b) upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í ríkjum utan bandalagsins;

c) upplýsingar um atvinnuumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið til að starfa í öðru aðildarríki;

d) upplýsingar, sundurliðaðar eftir svæðum og greinum, um umsækjendur sem hafa í raun lýst sig reiðubúna til að taka atvinnutilboði í öðru landi.

Þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til viðkomandi vinnumiðlana og vinnumála-skrifstofa eins fljótt og kostur er.

2. Upplýsingum um lausar stöður og umsóknir sem um getur í 1. mgr. skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem evrópska samráðsskrifstofan skal koma á fót, í samvinnu við umsjónarnefndina.

Ef nauðsynlegt reynist getur evrópska samráðsskrifstofan aðlagð þetta kerfi í samvinnu við umsjónarnefndina.“

4. Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

1. Þar til bærar vinnumiðlanir hinna aðildarríkjanna skulu láta tilkynningar berast um sérhvert laust starf í skilningi 15. gr., sem er tilkynnt til vinnumiðlana aðildarríkis, og vinna úr þeim.

Þessir aðilar skulu senda vinnumiðlunum fyrstnefnda aðildarríkisins upplýsingar um gildar umsóknir.

2. Viðkomandi vinnumiðlanir aðildarríkjanna skulu svara atvinnuumsóknunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 15. gr. innan hæfilegs frests sem sé eigi lengri en einn mánuður.

3. Vinnumiðlanirnar skulu veita launþegum sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja sömu forréttindi og gert er ráð fyrir, samkvæmt viðeigandi ráðstöfunum, að innlendir ríkisborgarar njóti miðað við launþega sem eru ríkisborgarar landa utan bandalagsins.“

5. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr. 17. gr.:

— varðar ekki íslenska textann,

— í i-lið a-liðar komi orðið „upplýsinganna“ í stað „skýrslanna“,

— í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri aðildarríkja, skiptast reglulega á gögnum er varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og, með sama hætti

og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra, miðla og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknunum.

Ef nauðsynlegt reynist skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum, einnig koma á samvinnu- og þjónustukerfi með það í huga að geta boðið:

— notendum eins miklar hagnýtar upplýsingar um hinar ýmsu hliðar flutningafrelsins og hægt er, og

— stofnunum vinnumarkaðarins, félagsmálastofnunum (m.a. opinberum, einkareknum og þeim sem nýtast almenningi) og öllum stofnunum sem málið varðar samþættar ráðstafanir er tengjast frelsi til flutninga;“.

6. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 19. gr.:

— í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni, sem unnin er úr upplýsingum frá aðildarríkjunum, skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin kanna sameiginlega minnst einu sinni á ári árangur aðgerða bandalagsins vegna lausra starfa og atvinnuumsókna.“

— eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Annað hvert ár skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um framkvæmd II. hluta þessarar reglugerðar, þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem hafa borist og niðurstöðum athugana og rannsókna sem hafa farið fram með sérstakri áherslu á gagnlegar upplýsingar er varða þróun vinnumarkaðarins í bandalaginu.“

7. Ákvæði 20. gr. falli niður.

8. Viðaukinn falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júlí 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

N. LAMONT

forseti.